

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 42/2016

2017/EES/66/02

frá 18. mars 2016

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1399 frá 17. ágúst 2015 að því er varðar synjun um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus toyonensis* (NCIMB 14858T) (áður nefnd *Bacillus cereus* var. *toyoi* NCIMB 40112/CNCM I-1012) sem fóðuruakefni fyrir eldisnautgripi, eldiskanínum, eldiskjúklinga, fráferugrúsi, eldissvín, gyltur til undaneldis og kálfa til eldis og um afturköllun leyfa fyrir blöndu með *Bacillus cereus* var. *toyoi* (NCIMB 40112/CNCM I-1012) sem fóðuruakefni fyrir eldiskalkúna og kanínur til undaneldis, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 256/2002, (EB) nr. 1453/2004, (EB) nr. 255/2005 og (EB) nr. 1200/2005 og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 166/2008, (EB) nr. 378/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 288/2013 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1399 fellir úr gildi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 166/2008 ⁽²⁾ og (EB) nr. 378/2009 ⁽³⁾ ásamt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 288/2013 ⁽⁴⁾, sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í liði 1z (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 256/2002), 1zzf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 255/2005) og 1zzm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005):

„– **32015 R 1399:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1399 frá 17. ágúst 2015 (Stjtið. ESB L 217, 18.8.2015, bls. 1).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 1zw (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004):

„, eins og henni var breytt með:

– **32015 R 1399:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1399 frá 17. ágúst 2015 (Stjtið. ESB L 217, 18.8.2015, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 217, 18.8.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 50, 23.2.2008, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 116, 9.5.2009, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 86, 26.3.2013, bls. 15.

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 152. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1490):

„153. **32015 R 1399**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1399 frá 17. ágúst 2015 að því er varðar synjun um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus toyonensis* (NCIMB 14858T) (áður nefnd *Bacillus cereus* var. *toyoi* NCIMB 40112/CNCM I-1012) sem fóðuruakefni fyrir eldisnautgripi, eldiskanínur, eldiskjúklinga, fráfarugrísí, eldisvín, gyltur til undaneldis og kálfa til eldis og um afturköllun leyfa fyrir blöndu með *Bacillus cereus* var. *toyoi* (NCIMB 40112/CNCM I-1012) sem fóðuruakefni fyrir eldiskalkúna og kanínur til undaneldis, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 256/2002, (EB) nr. 1453/2004, (EB) nr. 255/2005 og (EB) nr. 1200/2005 og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 166/2008, (EB) nr. 378/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 288/2013 (Stjtið. ESB L 217, 18.8.2015, bls. 1).“

4. Texti liðar lzzzzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 166/2008), liðar lzzzzy (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2009) og 87. liðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 288/2013) fellur brott:

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/1399, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.